



Ávarp stjórnarformanns.

Keilir var stofnaður til að leggja grunn að uppbyggingu þekkingarþorps á Ásbrú. Nýsköpun byggir á þekkingu og þekkingin sprettur af menntun. Strax var stefna tekin á „öðruvísi“ skóla. Við vildum sjá skóla verða til er tæki mið af þörfum þess atvinnulífs, sem skyldi þróast í næsta umhverfi Ásbrúar. Slíkur skóli ynni þétt með fyrirtækjunum í umhverfi sínu og veitti fólki og fyrirtækjum þjónustu. Við settum okkur háleit markmið um að tengja þrjú megin viðfangsefni á atvinnusviði við menntatækifærin í Keili. Þau eru á sviði heilsu, flugþjónustu og orku- og tækniverkefna. Háskólabrú skyldi síðan skapa fólki endurnýjuð tækifæri til að brúa menntunarstöðu sína yfir í háskólanám.

Nú, að aðeins þremur árum liðnum, má segja að flest þessara markmiða hafi náðst og í raun ríflega. Fjöldi nemenda, íbúa á Ásbrú og fyrirtækja er í raun langt umfram væntingar.

Þetta gerist þrátt fyrir að ríkisfé til verkefnisins sé aðeins brot af því sem veitt er til annarra skóla, á sama tíma og ríkið hefur sölsað undir sig mikinn hagnað af sölu eigna á fyrrum varnarsvæði. Keilir stendur af sér mikinn uppbyggingarkostnað þessara fyrstu rekstrarára með tilkomu fjármagns frá einkarekstri, áhugasamra nemenda og frábærs starfsfólks. Við þessar aðstæður er afar ánægjulegt að sjá upplýsingar sem benda til að fjórða rekstrarárið skili góðu jafnvægi í rekstrinum.

Keilir er nú tekinn að mótast og fá skýra mynd og enn eru sóknarfæri í auglýsni. Ég vil þakka meðstjórnendum mínum fyrir góða og einhuga samstöðu en ekki síst okkar áhugasama starfsfólki sem leggur metnað sinn í að koma upp lifandi skóla. Án eldmóðs þeirra og hugmynda væri starfið öðruvísi og árangur minni.

Árni Sigfússon,
stjórnarformaður.



Hjálmar Árnason

Ávarp framkvæmdastjóra.

Árið 2009 var þriðja starfsár Keilis. Líkt og hin tvö á undan einkenndist þetta ár af mörgum nýjum skrefum í þróun hins unga fyrirtækis. Vöxtur þess hefur verið ævintýri líkastur og voru nemendur í árslok orðnir um **600 talsins**. Á Ásbrú er þegar risið um **1800 manna þorp** og **fyrirtæki skráð þar eru um 50 talsins**. Ævintýrið um þekkingarþorp í stað herstöðvar er orðið að veruleika. Keilir gegnir þar lykilhlutverki – eins og til var stofnað.

Strax í upphafi var mótuð sú stefna að byggja Keili upp á nánu samstarfi við atvinnulífið og þróa nýjar námsbrautir – fylla í göt innan skólakerfisins. Segja má að þetta hafi tekist á fyrstu þremur árum skólans og Keilir í raun orðið fyrstur íslenskra skóla til að starfa bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Keilir er í raun sá „**poly-techskóli**“ sem að var stefnt í byrjun.

Keilir byggir starf sitt ekki aðeins á **nýjum námsbrautum heldur einnig nýjum kennsluháttum** þar sem hópavinna er hátt metin sem og skipulag kennslunnar. Í stað þess að búta hvern dag niður í margar kennslugreinar eru sem fæstar greinar teknar fyrir hverju sinni. Þá hefur Keilir þróað afar skilvirka **fjarkennslu** þar sem komið er sterklega til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda. Allt á þetta sinn þátt í að móta sérstöðu og um leið tækifæri Keilis.

Fyrstu skrefin voru stigin í samstarfi Keilis og fyrirtækja um **endurmenntun**. Um var að ræða stjórnunarnámsskeið fyrir alla starfandi presta í

Kjalarnesprófastsdæmi, fjarnám í völdum þáttum flugumferðarstjórnar fyrir starfsfólk Varnarmálastofnunar og þjálfaranámskeið sem um 100 starfandi þjálfarar sóttu. Mun þessi þáttur verða ein af stöðum Keilis í framtíðinni.

Segja má að stöðir Keilis séu að myndast á fjórum stólpum:

Háskólabró sem telur um helming nemenda Keilis. Þar höfum við greinilega hitt á strengi er svara mikilli þörf. Við höfum fylgst með framvindu fyrstu tveggja hópanna af Háskólabró og verður ekki betur séð en þeim farnist flestum vel í frekara námi. Meginástæða fyrir örri uppbyggingu Háskólabróar er tvímælalaust sú að við veitum þar góða og persónulega þjónustu þar sem allir leggja sig fram um að mæta þörfum nemenda okkar á þeirra forsendum. Samstarfið við Háskóla Íslands gegnir þar og lykilatriði. Hins vegar nýtur Háskólabró Keilis viðurkenningar allra háskóla á Íslandi og víða erlendis.

Flugakademían er komin til að vera. Fimm glænýjar kennsluflugvélar og byltingarkenndar aðferðir við flugkennslu vekja verðskuldaða athygli. Fyrstu erlendu nemendurnir komu í flugnám hjá Keili. Flugumferðarstjórn og flugþjónustunám urðu hluti af hinu almenna skólakerfi. Þar er Keilir sannarlega að marka spor.

Heilsuskólinn hefur á sinn hátt tekið örari breytingum en aðrir skólar Keilis. Ekki síst ræðst það af flutningi úr hinu glæsilega húsi Íþróttakademiunnar í Reykjanesbæ. Byggingu þess lauk áður en varnarliðið hvarf úr landi. Við þann flutning opnuðust tækifæri í hinu fjölbreytta íþróttahúsi á Ásbrú. Í góðu samkomulagi við Reykjanesbæ var tekin ákvörðun um að flytja starf Heilsuskóla Keilis upp á Ásbrú. Styrkasta stoð Heilsuskólans er tvímælalaust ÍAK einkaþjálfari sem hefur hlotið almenna viðurkenningu. Aðsókn þar er góð og starfsstöð komin á Akureyri. Þá er Keilir afar stoltur af „silfurdrengjunum“ úr handboltalandsliðinu en margir þeirra stunda nám hjá Keili.

Orkusetur Keilis samanstendur af skóla og einni fullkomnustu rannsóknaraðstöðu á landinu. Fyrir tilstilli Kadeco hefur verið fjárfest verulega í rannsóknaraðstöðu með metnaðarfullum hætti. Þessi uppbygging krefst þolinmæði fjármagns og aðstandenda en á tvímælalaust eftir að verða eftirsóttur segull í námi og rannsóknum. Fylgja þarf enn betur eftir þeim hugmyndum að tengja Orkusetrið við þau fyrirtæki sem starfa á svæðinu og eru uppi áætlanir um það.

Í biðstöðu eru nokkrar námsbrautir sem Keilir hefur unnið að og bíða betri tíma. Má þar nefna Öryggisakademíu, fíkniráðgjöf og forvarnir, viðburðarstjórnun (TROMPIÐ), alþjóðlegt nám fyrir tæknifólk í orkuverum, Global Studies, sjúkranudd.

Almennt má segja að þriðja starfsárið hafi einkennst af hröðum uppbyggingarfasa þess. Þá er rétt að geta þess að fyrstu tvö starfsár sín var

Keilir einungis merktur á fjárlögum sem „aflabrestur á Vestfjörðum og Suðurnesjum til tveggja ára“. Sá liður fjaraði út árið 2009. Í fjárlagagerð ársins 2010 var upphaflega ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til Keilis.

Með góðum stuðningi þingmanna, stjórnar Keilis og ráðherra voru um síðir samþykktar 108 + 32 milljónir króna til Keilis vegna ársins 2010. Það er langt undir eðlilegum viðmiðum um nemendafjölda. Stjórnendur einsettu sér samt að forðast uppsagnir og halda starfinu áfram á grundvelli fjárveitinga. Starf haustins 2009 tók vitaskuld mið af því.

Í raun má segja að **tap hafi verið á reglulegri starfssemi Keilis fyrstu þrjú starfsárin**. Ekkert er óeðlilegt við það enda tekur tíma fyrir nýjan skóla með nýjar námsbrautir að byggjast upp og sanna sig. Full ástæða er til bjartsýni og það er trú mín að áður en langt um líði muni Keilir standa vel undir rekstri sínum – svo fremi að fjárveitingar ríkisvaldsins verði sambærilegar og til annarra skóla. Er ekki ástæða til að ætla annað en svo verði.

Í **mannahaldi** urðu nokkrar breytingar á árinu. **Runólfur Ágústsson lét formlega af störfum hinn 1. mars** eins og um hafði verið samið við ráðningu hans. Frá þeim tíma og til 1. september stýrði stjórnarformaður vikulegum fundum framkvæmdastjórnar Keilis. **Þann 1. september var Hjálmar Árnason ráðinn framkvæmdastjóri Keilis**. Um þátt Runólfs hefur þegar verið fjallað og honum þökkúð störf sín við uppbyggingu Keilis.

Magnús Árni Magnússon lét af störfum framkvæmdastjóra Skóla skapandi greina. Þá lét **Hrafnhildur Valdímarsdóttir** af störfum forstöðumanns þjónustu- og rekstrarsviðs en hún var einn af fyrstu starfsmönnum Keilis. Erum þeim þökkúð störf sín í þágu Keilis. Í sparnaðarskyni hafa aðrir stjórnendur tekið yfir þeirra störf og deilt þeim með sér.

Lokaorð:

Vissulega tók árið 2009 mið af þeim hræringum sem urðu í þjóðfélaginu. Hitt kom skemmtilega á óvart hversu margir litu á menntun sem svar við nýjum aðstæðum í samfélaginu. Fyrir vikið fóru umsóknir langt fram úr áætlunum og nemendafjöldinn hærrí en nokkru sinni.

Svo virðist sem til starfa hjá Keili leiti fólk sem hug hafi á nýsköpun og þróunarstörfum. Starfsandinn mótast líka af því. Ástæða er til að þakka öllu starfsfólki Keilis skemmtilegt samstarf og óeigingjarnt framlag þess til fyrirtækisins. Hið sama á við um stjórnarmenn sem alla tíð eru mjög hvetjandi til frekari dáða. Þá er einnig ástæða til að þakka öllum hinum fjölmörgu samstarfsaðilum á Ásbrú. Þessi hópur allur virðist sameiginlega staðráðinn í að láta verða að veruleika ævintýrið um að breyta herstöð í þekkingarþorp. Og hafa gaman af.

Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri.



Gunnhildur Erla Vilbergsdóttir

Heilsu- og uppeldisskóli

Gunnhildur Erla Vilbergsdóttir tók við stöðu forstöðumanns Heilsu- og uppeldisskóla í september 2009 af Hjalmarí Árnasyni sem sinnti stöðunni tímabundið. Áður starfaði Gunnhildur sem deildarstjóri Íþróttakademíunnar.

Vinsældir ÍAK einkaþjálfunar dvínuðu hvergi. Í febrúar 2009 voru teknir inn 25 nýnemar í ÍAK einkaþjálfun en haustið 2009 hófu 76 nemar nám og skiptust þeir í þrjá hópa. 42 sóttu staðlotur á Ásbrú og í fyrsta skiptið bauð Keilir uppá staðlotur á Akureyri á líkamsræktarstöðinni Bjargi með 23 nemendum. 11 manna hópur skipaður íslenskum landsliðsmönnum í handbolta hóf einnig nám haustið 2009 með Guðjóni Val Sigurðsson, Björgvin Pál Gústavsson og Loga Geirsson í fararbroddi. Allir þrír hóparnir fylgdust að í bóklegum áföngum í fjarkennslu en komu svo saman á misjöfnum stöðum og tímum í verklega staðkennslu sem gaf mjög góða raun.

HU skólinn hélt stórt, opið námskeið í september 2009 fyrir starfandi fagfólk innan íþróttá- og heilsuræktargeirans undir yfirskriftinni „hraða og snerpuþjálfun íþróttamanna“. Námskeiðið stóð yfir eina helgi og var sótt af yfir 100 þjálfurum. Kennari var Lee Taft og kom frá Bandaríkjunum.

Undirbúningur með Háskóla Íslands var hafinn á námi í forvörnum og fíkniráðgjöf og í viðburðastjórnun og heldur áfram árið 2010. Þá var einnig byrjað að undirbúa nám í ÍAK íþróttþjálfun.

Ákveðið var að halda ekki áfram með nám fyrir leikskólaliða sem var tilraunaverkefni frá árinu áður þar sem ekki fékkst framlag frá menntamálaráðuneytinu fyrir námið.

Aðrir starfsmenn og kennarar við Heilsu- og uppeldisskólann 2009 voru:

- Sævar Ingi Borgarsson verkefnastjóri HU skóla júní-deseember 2009

Kennarar við ÍAK einkaþjálfun:

- Ásdís Þorgilsdóttir
- Davíð Kristinsson
- Einar Einarsson
- Helena Ólafsdóttir
- Helgi Jónas Guðfinnsson
- Klemenz Sæmundsson
- Kristján Ómar Björnsson
- Marta Guðjónsdóttir
- Tinna Stefánsdóttir





Kári Kárasón

Flugakademía Keilis

Flugakademía Keilis fór af stað með **flugrekstur** sinn á árinu 2009. Fyrsta flugið á Diamond DA-20-C1 flugvél skólans fór fram í janúar og hófst flugkennsla stuttu síðar. DA-20 flugvélarnar hafa reynst afar vel, en þær eru sparneytnari en áætlað var í upphafi.

Nám í **flugumferðarstjórn** hófst í febrúar og í rúmum mánuði síðar hófst **bóklegt atvinnuflugmannsnám**. Er það í fyrsta skipti sem slíkt nám er kennt í fjarnámi á Íslandi. Gert var ráð fyrir afhendingu fullkomnustu kennsluflugvéla heims í júní, en þær voru að lokum afhentar Keili í Wiener-Neustadt þann 26. ágúst. Flugvélunum var flogið heim af flugmönnum Keilis, Kára Kárasyni skólastjóra, Arnari Baldvínssyni yfirflugkennara og Guðmundi Sigurðssyni yfirkennara en að auki flaug Ágúst Kristjánsson einni flugvélinni.

Talsverðan tíma tók að skrá flugvélarnar enda eru þetta fyrstu kennsluflugvélarnar sem eru útbúnar dísel-hreyflum og rafrænum flugmælitækjum.

Kennsluleyfi fyrir verklegt blindflugs- og atvinnuflugmannsnám ásamt námi á fjölhreyfla flugvél, fékkst í nóvember og hófst þá nýtt vaxtarskeið í flugkennslu Keilis. Fjöldi nemenda hefur vaxið jafnt og þétt síðan, **fyrsti erlendi nemandinn** lauk hér blindflugsréttindum í nóvember og kunna flugnemar vel að meta þann glæsilega flugvélakost sem Keilir ræður yfir.





Bryndís Blöndal

Flugþjónustan

Flugþjónustunám hélt áfram á árinu og nýtur sívaxandi vinsælda. Unnið var að því að öðlast viðurkenningu frá Flugmálastjórn Íslands á grunnþjálfun þjónustuliða og bar sú vinna ávöxt þann 23. mars 2010 en þá fékk Keilir formlega leyfi til þessarar þjálfunar. Hingað til hafa eingöngu flugfélög getað þjálfað nýliða með þessum hætti, en Keilir er fyrsti aðilinn á Íslandi sem hefur hlotið leyfi fyrir þessa kennslu án þess að vera flugrekandi.

Samstarf við flugfélög eins og Air Atlanta og aðra smærri flugrekendur eins og Flugfélagið Ernir er í fullum gangi og greinilegt að áhugi á samstarfi við Keili er mikill.





Dr. Rúnar Unnþórsson

Orku- og tæknisetur Keilis

Í lok árs 2009 voru tveir fastir starfsmenn hjá Orku- og tæknisetri Keilis, þeir dr. Rúnar Unnþórsson forstöðumaður og dr. Stefan C. Otte verkefnisstjóri, sem var fastráðinn um mitt árið. Á starfsárinu störfuðu 19 stundakennarar við Orku- og tæknisetrið.

Orku- og tækniskóli

Í upphafi árs var ákveðið að svara kalli stjórnvalda og bjóða upp á tæknifræðináms hálfu ári fyrr en áætlanir höfðu gert ráð fyrir, eða í febrúar. Síðar eftir að lokað hafði verið fyrir umsóknir - var ákveðið að halda áfram með upprunalegu áætlunina um að byrja um haustið. Helstu ástæður fyrir þessu voru að einungis lítill hluti umsækjenda uppfyllti inntökuskilyrðin og einnig að húsnæði var ekki tilbúið.

Í ágúst hófst kennsla á tveimur brautum í tæknifræði: mekatróník- og orkutæknifræði. Alls hófu 28 nemendur nám í tæknifræðinni – en 42 nemendur höfðu verið samþykktir inn í námið. Mánuði síðar, eða í september, var öll kennsla Orku- og tækniskólans flutt yfir í "High School", húsnæði sem áður hýsti framhaldsskóla varnarliðsins og er í dag í eigu Keilis. Í dag eru nemendur um 19. Ástæður fyrir fækkun í nemendahópnum eru margar, sumir nemendur hættu vegna fjárhagserfiðleika, sumir hættu vegna námsgetu og aðrir vegna þess að áhuginn lá annarstaðar.

Fljótlega eftir að kennsla hófst hafnaði LÍN nemendum um skólagjaldalán fyrir tæknifræðina. Keilir kærði úrskurð LÍN samstundis en svör við þeirri kæru létu á sér standa. Var því leitað annarra leiða til að ýta málinu áfram – til að mynda var leitað til menntamálaráðherra og þingmanna.

Málið endaði með því að Keilir fékk 31.5 milljónir á fjárlögum 2010 – upphæð sem samsvaraði áætlun skólans um skólagjöld. Ekki var gert ráð fyrir skólagjöldunum sem töpuðust haustið 2009.

Námið í tæknifræði verður í mikilli endurskoðun á meðan fyrstu 2 árgangarnir fara í gegnum það. Á haustmánuðum 2009 hófst undirbúningsvinna fyrir styttra nám tengt tæknifræðinni. Um er að ræða styttri námslínur, eins og eins árs sérhæfingu í jarðvarma (60 ECTS) sem lýkur með ASc. gráðu (Associate of Science) og stuttnámskeið í orku og tækni fyrir innlend fyrirtæki sem og útlendinga.

Upp úr miðju ári var starfsemi Skóla skapandi greina færð undir Orku- og tækniskólann og um haustið voru fyrstu nemendurnir í frumkvöðlafræðum útskrifaðir. Útskriftarhópurinn innihélt einstaklega frambærilega útskriftarnema og hafa þeir flest allir unnið áfram með viðskiptahugmyndir sína og sumir hverjir farnir að vinna saman að nýjum hugmyndum. Unnið er að endurskipulagningu frumkvöðlanámsins og breytingu áherslna. Stefnt er að því að meiri áhersla verði sett á viðburða- og verkefnastjórnun.

Orkurannsóknastofur

Í apríl mánuði var undirrituð viljayfirlýsing um stofnun orkurannsóknaseturs í orkufræðum. Markmiðið var að efla rannsóknir og nýsköpun á sviði orkurannsókna. Samningsaðilar voru auk Keilis, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Háskóli Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, HS veitur og HS orka.

Áætlun gerir ráð fyrir 4 rannsóknastofum: Efnifræði-, mekatróník-, efnisfræði- og varma & straumfræðistofa. Auk þeirra verður einnig smíðaverkstæði sem er nauðsynleg aðstaða til að smíða og útfæra ýmsan búnað fyrir verkefni sem unnin verða í rannsóknastofunum. Rannsóknarsetrið verður nýtt sem kennsluástaða í orkuvísindum við Keili, Háskóla Íslands og aðrar innlendar skóla og kennlustofnanir, við rannsóknir á vegum stofnaðila sem og annara aðila.

Tækjainnkaup hófust seinni hluta ársins fyrir styrk frá Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar. Efnifræði- og mekatróníkstofurnar eru komnar lengst á veg auk smíðaaðstöðunnar. Ákveðið var að bíða með efnisfræðistofuna þar til að Norðurál hæfi starfsemi í Helguvík. Í lok ársins var stofnað fyrirtæki til að halda utan um reksturinn á tækjabúnaðinum – Orkurannsóknir ehf.





Steinunn Eva Björnsdóttir

Kennslusvið

Kennslustjóri er Steinunn Eva Björnsdóttir, B.Ed í kennslufræðum og diploma í rekstrarfræðum og fyrrum kennslustjóri Háskólans á Bifröst. Auk Steinunnar starfa á kennslusviði, Björk Guðnadóttir, B.Sc í tölvu-og upplýsingatæknifræði og mastersnemi, verkefnisstjóri nemendaskráningar og kennslukerfa, Hlíf Böðvarsdóttir M.Ed í lýðheilsu og kennslufræðum var ráðin 1. ágúst í 30% starf á kennslusviði og Anna María Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi. .

Kennslusvið er stoðdeild við þær deildir sem í boði eru innan skólans. Kennslusvið sér um að skapa umgjörð utan um þær akademísku hugmyndir sem fæðast og til að vel megi takast verður upplýsingaflæði að vera mjög gott til að standast kröfur stjórnenda, kennara og nemenda. Þá er kennslusviði ætlað að vera leiðandi á sviði kennslufræða og þróunar í kennslu. Undir kennslusvið fellur, nemendaskráning, kennslukerfi í stað- og fjarnámi, náms- og starfsráðgjöf, bókasafn og gæðamál.

Hlutverk kennslusviðs er m.a. samskipti og skýrslugerð fyrir menntamálaráðuneytið, hagstofuna, samskipti og samráðsfundir við Háskóla Íslands. Þá eru haldin námskeið fyrir kennara, búnir til kennslubæklingar fyrir nemendur og kennara, stundatöflugerð, dagskrá skólaárs, kennslu og þjónustukannanir, gæðahandbók, gæðaskýrslur o fl. ásamt því að samræma kennslu og hafa yfirsýn yfir þá starfsemi sem á sér stað innan skóla Keilis.

Allt ferli varðandi rafrænar umsóknir eru í höndum kennsluviðs. Þá er hlutverk kennsluviðs einnig þróun og umsjón kennslukerfis, umsjón og skráning einkunna.

Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafar

Náms- og starfsráðgjöf Keilis leitast við að veita nemendum stuðning á meðan á námi stendur með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni ráðgjafarinnar eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, ráðgjöf og úrræði vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika, persónuleg ráðgjöf, upplýsingagjöf um námsleiðir og störf og að efla sjálfsþekkingu nemenda. Auk þess er vel tekið á mótí einstaklingum sem stefna á nám við Keili og þeim veitt ráðgjöf varðandi námsval.

Námskeið

Náms- og starfsráðgjafi hélt 6 námstækninámskeið á haustmánuðum, 44 nemendur voru skráðir og voru námskeiðin haldin í 7 manna hópum. Í lok október voru haldin 5 prófkviðanámskeið í 6 til 7 manna hópum fyrir 32 nemendur.

Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi býður upp á 12 fyrirframbókaða tíma á viku þar sem hver tími er 30 mín. Einnig er boðið upp á opna tíma (óbókuð viðtöl) 4 tíma á viku. Í heildina voru 242 viðtöl skráð. Áhersla var lögð á að nemendur sem áttu við sértæka námsörðugleika að stríða fengu viðeigandi aðstoð og var þá helst um að ræða lesröskun og nýttu sér 12 nemendur talgervla á árinu.

Stefanía Gunnarsdóttir, er bókasafnsfræðingur á bókasafni Keilis.

Þór Fjalar Hallgrímsson vinnur á miðvikudögum í Keili og leysir af ef þess þarf.

Aðsetur bókasafns Keilis er í skrifstofubygginu Keilis, Keilisbraut 775 – Vallarheiði. Starfsmaður er á vakt frá kl. 10-16 alla skóladaga.

Þjónustusamningur á milli Bókasafns Reykjanesbæjar og Keilis var endurnýjaður í febrúar 2009. Samkvæmt samningnum fá nemendur Keilis fullan aðgang að safnkosti og þjónustu bóksafns Reykjanesbæjar. Samningurinn felur m.a. í sér að:

- Nemendur Keilis fá frí lánþegaskírteini
- Nemendur Keilis fá upplýsingaþjónustu og aðstoð við heimildaleit
- Nemendur Keilis fá safnkennslu í upplýsingalæsi
- Bókasafns- og upplýsingafræðingur er á vakt í Keili alla kennsludaga frá kl. 10:00 til 16:00

Áherslur safnsins:

- Á árinu var lögð áhersla á heimasíðu safnsins. Var hún endurhönnuð með þarfir hvers skóla fyrir sig í huga. Nú er búið að efnisflokka heimildaleitir eftir námsleiðum í (1) alfræði-, gagna- og greinasöfn, (2) orðabækur og

uppflettirit og (3) valin vefsetur. Aukin áhersla er á að kynna vel heimasíðuna og það sem á henni er að finna. Sjá <http://www.keilir.net/keilir/thjonusta/bokasafn>.

- Á árinu voru keyptar margar bækur fyrir Orku- og tækniskólans. Þetta voru flestar bækur sem ekki voru þegar til í Gegni þannig að mikið var um nýskráningar.
- Áfram voru keyptar inn allar námsbækur sem kenndar eru við skólann auk efnis sem styður þær fræðigreinar.

Þegar heimasíðan var uppfærð var sett inn á heimasíðuna spjallforritið Meebo sem viðbót við þjónustuna. Meebo svipar til msn samskiptaforritsins þar sem tveir geta spjallað saman og hægt er að senda inn fyrirspurn til safnsins. Þjónustutíminn er frá 10-16 alla skóladaga.

Bókasafn Keilis fékk í tvær stórar bókaþjálfa á árinu frá Orkustofnun og Bókasafni Akraness.

Nýtt Tækni- og vísindabókasafns stofnað þar sem safna á bókum á tæknisviði.

Safnið fékk eina tölvu til heimildaleitar á safninu fyrir nemendur. Þessi tölvu er einnig notuð fyrir kennslu í upplýsingalæsi og heimildaleit.

Einkakennsla í upplýsingalæsi og heimildaleit hófst í lok nóvember á bókasafni Keilis. Kennst er á skammtímatölvuna á safninu og hefur mælst vel fyrir. Nemendur hafa tekið vel í þetta og verið ánægður með útkomuna. Kennslan tekur um 45 mín.

Kynningar

Tveir fyrirlestrar í upplýsingalæsi og heimildaleit fyrir einkaþjálfaranemendur í Íþróttakademíu .

Birgir Björnsson með kynningu á hvar.is var haldin í sal Keilis í janúar. Nemendur og kennarar Háskólabrúar í stað- og fjarnámi auk nema í frumkvöðlafræðum eru boðaðir á fyrirlesturinn.

Þann 30. janúar hélt var fyrirlestur fyrir nýnema í fjarnámi. Farið var yfir þjónustu bókasafnsins, upplýsingalæsi og heimildaleit.

Í september var fyrirlestur fyrir nemendur flugfreyju og -þjóna. Kynning á safninu og heimildaleitir.

Fyrirlestur í undirbúningsviku fyrir nemendur í Háskólabrú.

Í byrjun september var fyrirlestur um safnið fyrir nýnema í Orku- og tækniskólanum. Birgir frá Hvar.is var einnig með fyrirlestur og kennslu í notkun á Hvar.is.

Háskólabrú

Háskólabrú Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulíf, var stofnuð haustið 2007 í samstarfi við Háskóla Íslands. Eitt meginmarkmiðið með stofnuninni var að styðja við menntun á Suðurnesjum og skapa eldri nemendum tækifæri til háskólanáms og til að efla menntun á Suðurnesjum til frambúðar.

Nám á Háskólabrú veitir eins árs undirbúning fyrir háskólanám í öllum háskólum á Íslandi og nokkrum á Norðurlöndum. Námið er fyrir þá sem ekki fullnægja inntökuskilyrðum um stúdentspróf. Námið er þróað í samstarfi við Háskóla Íslands og er próf af Háskólabrú jafngilt stúdentsprófi og telst nú Háskólabrúin formlega frumgreinadeild Háskóla Íslands.

Á Háskólabrú eru kennd grunnfög sem nýtast nemendum til undirbúnings fyrir flestar deildir háskóla, en hægt er að velja um fjórar leiðir. Hugvísindadeild 65 einingar, félagsvísinda-og lagadeild, 58 einingar, viðskipta-og hagfræðideild 66 einingar og verk-og raunvísindadeild 78 einingar. Námið tekur frá 9-12 mánuði en það fer eftir hvaða leið er valin. Kennt er alls í 15 vikur auk prófaviku á önn.

Í fjarnámi eru sömu línur kenndar og í staðnáminu, en á lengri tíma. Námskeiðin eru kennd í lotum og fer lengd lotunnar eftir einingafjölda fagsins, sem dæmi er 5 eininga fag er kennt í 5 vikur. Í upphafi hverrar lotu er vinnuhelgi, þar sem nemendur hitta kennarann og vinna verkefni. Í lok lotu er lokpróf eða lokaverkefni.

Inntökuskilyrði á Háskólabrú eru að nemendur hafi lokið 70 – 90 einingum úr framhaldsskóla. Þar af þurfa umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti 6 einingum í stærðfræði, íslensku og ensku. Þeir sem eru 25 ára og eldri eiga möguleika á að fá starfsreynslu sína metna upp í þær lágmarks einingar sem krafist er.

Sumarið 2009 útskrifuðust 140 nemendur af Háskólabrú í staðnámi og fjarnámi.

Í janúar 2009 hófu 84 nemendur nám á Háskólabrú fjarnámi, 37 karlar og 47 konur, en 228 umsóknir bárust í fjarnámið.

Haustið 2009 bárust alls 257 umsóknir á Háskólabrú í staðnám og hófu 116 nemendur nám við deildina 53 kona og 63 karlar. Meðalaldur nemenda er 30 ár.

Núverandi staða

Háskólabrú Keilis hefur síðan haustið 2007 lagt upp með eins árs undirbúningsnám fyrir frekara háskólanám í samstarfi við Háskóla Íslands. Í janúar 2008 var í fyrsta sinn boðið upp á fjarnám á Háskólabrú Keilis. Í nóvember 2008 skrifuðu Keilir, Háskóli Íslands og menntamálaráðuneytið undir samning þess eðlis að frumgreinadeildarpróf samkvæmt samningnum skuli almennt teljast sambærilegt stúdentsprófi. Gerður var samstarfssamningur í nóvember 2009 við Fræðslunet Austurlands vegna Háskólabrúar fjarnáms, það er að bjóða upp á staðlotur á Austurlandi.

Í janúar 2009 gerðu Keilir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins samning um nám í Háskólastoðum sem er hugsað fyrir þá sem ekki uppfylla inntökuskilyrði Háskólabrúar. Í kjölfarið hafa svo verið gerðir samningar vegna Háskólastoða við Fræðslunet Austurlands MÍMI í Reykjavík og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY). Á döfinni eru svo fleiri samningar við símenntunarmiðstöðvar.

Á Háskólabrú starfa forstöðumaður, Steinunn Eva Björnsdóttir og tveir verkefnastjórar, Soffía Waag Árnadóttir, MPA í stjórnsýslufræðum og BA í félagsfræði, verkefnastjóri staðnáms og Inga Sveinbjörg Ásmundsdóttir, B.Ed í kennslufræðum og er í mastersnámi í stærðfræði við Háskóla Íslands, verkefnastjóri fjarnáms. Hún var ráðin í byrjun febrúar 2009. Þrjú fastráðnir kennarar eru við deildina, Hrafnhildur Jóhannesdóttir, Málfríður Gyöfadóttir og Hlíf Böðvarsdóttir, en aðrir eru lausráðnir. Háskólabrú nýtur stoðþjónustu hjá Keili og tekur þátt í kostnaði við hana í hlutfalli við þá þjónustu sem er notuð. Háskólabrúin hefur aðstöðu í kirkjunni og einnig hefur hún afnot af einni kennslustofu í Eldey og einni stofu í Highschool.

Kennarar

Á Háskólabrú eru 3 fastráðnir kennarar, en aðrir eru lausráðnir og uppfylla þeir flestir þær kröfur sem gerðar eru til kennara á framhaldsskóla stigi. Kennarar skólaárið 2009-2010 í stað- og fjarnámi eru:

Brian Marshall, enska í fjarnámi

Ottó Valur Ólafsson, upplýsingatækni og upplýsingatækni og tölfræði í staðnámi og fjarnámi,

Guðbjörg Jónsdóttir, þýska í staðnámi og fjarnámi

Dr. Stefan Otte, efnafræði / eðlisfræði í staðnámi

Dr. Guðrún Björnsdóttir, efnafræði / líffræði í fjarnámi

Hlíf Böðvarsdóttir, Félagsfræði í staðnámi og fjarnámi, stærðfræði í fjarnámi

Hrafnhildur Jóhannesdóttir, stærðfræði staðnám

Jónína Guðmundsdóttir, danska í staðnámi

Kjartan Þór Ragnarsson, saga í staðnámi

Málfríður Gyöfadóttir, íslenska staðnám og fjarnám

Jónína Ólafsdóttir, enska í staðnámi

Dr. Sveinn Kári Valdimarsson, líffræði í staðnámi

Guðbjörg Jónatansdóttir, saga í fjarnámi

Guðmundur Ingi Jónsson, danska fjarnám



Fyrirlestur í sal



Útskrift 06.06.2009



Stefanía Katrín Karlsdóttir

Rekstrarsvið

Undir rekstrarsvið Keilis heyrir fjármálastjórn, áætlanagerð, uppgjör, bókhald og húsnæðissvið. Lagt er mikið upp úr áætlanagerð og uppgjöri og allri almennri skrifstofuvinnu er snýr að bókhaldi. Mikilvægt er að allir rekstrarþættir séu sem skýrastir til að nýting fjármuna og aðfanga nýtist sem best.

Starfsemi húsnæðissviðs

Starfssvið húsnæðissviðs felur í sér umsjón með öllu er varðar leiguíbúðir á svæðinu og almenna aðstoð við íbúana. Að auki fellur öll umsjón með öðrum fasteignum sem Keilir hefur til umráða og framkvæmdir á vegum við þær undir starfsemi þess. Starfsmenn húsnæðissviðs eru fjórir, verkefnisstjóri, umsjónarmaður fasteigna, þjónustufulltrúi og ræstitæknir.

Kampus

Á árinu 2009 voru 689 leiguíbúðir í notkun, bæði ætlaðar einstaklingum og fjölskyldufólki, og í lok árs voru íbúar um 1400. Stúdentagarðarnir á Ásbrú hafa ekki farið varhluta af ástandinu í þjóðfélaginu og kreppunni og birtist það helst á síðasta ári, þegar íbúum fækkaði nokkuð. Mest hafði þar að segja að ungt fólk hafði síður efni á því að leigja sjálft og flutti aftur heim til foreldra, eins voru leigutakar okkar að missa leigjendur úr sínum eignum og þurftu að snúa aftur í

þær. Meiri fækkun hefur ekki orðið og er ástandið nokkuð stöðugt, við gerum ráð fyrir að íbúum fjölgi aftur árið 2010 og lofa fyrstu mánuðir ársins góðu með framhaldið.

Háaleitisskóli bætti við sig einum árgangi og haustið 2009 hófu nemendur nám í 1. – 6. bekk, nemendur voru í árslok 92 talsins. Haustið 2010 verður svo bætt við kennslu fyrir 7. bekk. Leikskólar á Ásbrú eflast með hverju árinu og í árslok voru á leikskólanum Velli 87 nemendur og á Heilsuleikskólanum Háaleiti 58 nemendur, sem er fjölgun á árinu.

Íþróttahúsið hefur verið mikið sótt og vel nýtt af íbúum á Ásbrú og ekki síður öðrum íbúum Reykjanesbæjar. Þar er boðið uppá góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og einnig eru íþróttafélög innan Reykjanesbæjar farin að bjóða uppá æfingar þar sem bætir aðgengi íbúa á Ásbrú að íþróttum.

Opinn dagur fór fram laugardaginn 25. apríl 2009 og fór einstaklega vel fram. Gestir voru um 15.000 og kynntu sér þá fjölbreyttu starfsemi sem fram fer á Ásbrú, námsframboð hjá Keili, leiguíbúðir og skruppu í þyrluflug og fjölmargt annað sem hægt var að gera sér til skemmtunar þennan dag.

Kirkjan

Aðalskrifstofur Keilis eru staðsettar í kirkjunni (byggingu 775), og eru þar 10 fastir starfsmenn með skrifstofuaðstöðu ásamt kennurum við Háskólabrú Keilis. Í húsinu er jafnframt fundaraðstaða starfsfólks. Hátíðarsalur kirkjunnar er eitt aðal kennslurými skólans og er hann nýttur til fyrirlestra, einnig eru þar tvær rúmgóðar kennslustofur ásamt bókasafni skólans. Um mitt ár 2009 var deildum skipt á milli húsa til hagræðingar og í kirkju er kennslusvið og framkvæmdastjóri með aðstöðu

Eldey

Í maí 2009 flutti fjármálahluti rekstrarsviðs starfsemi sína úr kirkju í Eldey og í ágúst sama ár var húsnæðisvið einnig fært yfir í sama hús og var því rekstrarsvið sameinað undir einu þaki. Keilir nýtir jarðhæð Eldeyjar einnig til kennslu m.a. fyrir Háskólabrú, frumkvöðlanám, flugþjónustunám, flugstjórnarnám og flugkennslu. Þar eru 5 rúmgóðar kennslustofur, skrifstofurými starfsmanna auk fundarherbergja og vinnuaðstöðu fyrir nemendur. Efri hæð hússins er leigð út af Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar til ýmissa fyrirtækja.

High School

Í byggingu 910 við Grænásbraut, High school, er áætlað að framtíðarhúsnæði Keilis verði og hýsi alla starfsemi reksturs og skóla. Í maí 2009 hófust framkvæmdir við fyrsta áfanga sem miðuðu við að búa til kennsluaðstöðu fyrir orku- og tæknifræði og Háskólabrú. Í ágúst var helmingur hússins tekinn í notkun og í dag eru þar tvær kennslustofur, ein rafmagnsfræðistofa, tvær efnafræðistofur og skrifstofur starfsmanna. Auk þess hafa nemendur í orku- og tæknifræði vinnuaðstöðu í íþróttasalnum.

Keilir Campus hostel

Haustið 2009 var tekin ákvörðun um að leggja niður rekstur Keilis Campus hostel í þeirri mynd sem verið hafði, þar sem ekki þótti grundvöllur fyrir áframhaldandi starfsemi. Þó má gera ráð fyrir að í framtíðinni verði þörf hjá Keili fyrir tímabundna gistingu í kringum námskeiðshald og verið að leita lausna til að geta boðið uppá slíkt.

Starfsmenn rekstrarsviðs árið 2009:

Stefanía Katrín Karlsdóttir, fjármálastjóri

Ásta Gunnarsdóttir, aðalbókari

Birgir Bragason, umsjónarmaður fasteigna

Jófríður Leifsdóttir verkefnisstjóri húsnæðissviðs

Kim Hung Huynh, ræstitæknir

Rannveig Jónsdóttir, þjónustufulltrúi húsnæðissviðs

Venný Sigurðardóttir, þjónustufulltrúi í bókhaldi

Sigríður Georgsdóttir, þjónustufulltrúi